


Mennta- og lýðheilsusvið

Framlenging neyðarstígs 19. október til og með 3. nóvember 2020

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=ec83cb0b-d761-4646-94da-7af3bb5465c2>

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b23ddc84-386a-46fe-b6ab-5d303f7e84ff>



HAFNARFJÖRÐUR



Íþróttir og tómstundir

Ný reglugerð tekur gildi 20. október:

- Þar er starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva tengd beint við skólastarfið og gilda sömu reglur þar á hverju skólastigi. Því verður frístunda- og félagsmiðstöðvastarf óbreytt næstu vikur. Þar er fest við reglugerðina ákvæði til bráðabirgða á höfuðborgarsvæðinu, að íþróttastarf þar sem börn snertast og blöndun er meiri en í hefðbundnu skólastarfi verði óheimilt til 3. nóvember. Því fellur allt íþróttastarf niður að okkar mati. Miðdeildarstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar Hraunsins þar sem nemendur úr Viðistaðaskóla og Engidalsskóla tóku þátt verður aðgreint og viðhaldið í hvorum skóla um sig.
- Sund- og íþróttakennsla fer áfram fram úti og íþróttamannvirki ekki notuð fyrir skólastarf.
- Starfsemi félagsmiðstöðva gengur vel og er aðsókn góð og eykst einna mest á miðstigi. Frístundaheimilin ganga vel þrátt fyrir að börnin séu lengur en áður sökum þess að frístundaakstur liggur niðri.
- Mótorhúsinu var lokað 12. október en Hamarinn er opinn alla daga vikunnar frá 9:00 til 23:00 og býður fyrst og fremst upp á námsaðstoð fyrir framhaldsskólanemendur.
- Í reglugerðinni eru gerðar auknar sóttvarnarkröfur á höfuðborgarsvæðinu en annarstaðar á landinu. Þar er almennt íþróttastarf fullorðinna skilgreint sem óheimilt þar sem snerting er mikil og notkun á sameiginlegum búnaði mikil. Með þessu má ætla að eiginlega allt íþróttastarf innandyra falli niður en golf, hjólræiðar, skotfimi og bogfimi utandyra geti verið í gangi.
- En eftir ítarlega yfirferð yfir stöðuna og í ljósi leiðbeininga sóttvarnaryfirvalda og í samráði við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins tóku skóla- og íþróttasvið allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þá ákvörðun að öll íþróttamannvirki og sundlaugar á vegum sveitarfélaganna verða lokað í viku til að byrja með.

Leikskóli

- Engar breytingar hafa orðið á leikskólastarfi frá því að hertar reglur um sóttvarnir voru settar á þann 5. október sl. En þá voru settar á ákveðnar sóttvarnaraðgerðir sem enn eru í gildi og upplýst var um á síðasta fræðsluráðsfundi. Sama skipulag verður til 3. nóvember n.k.
- Sendar voru út í síðustu viku til skólastjórnenda *viðmið um fáliðun* en ef um slíkt er að ræða þá skulu þær reglur virkjaðar ef um er að ræða langtíma röskun á skólastarfi.
 - Komi til lokunar eða styttingar dvalartíma vegna fáliðunar skal skólastjórnandi senda til þróunarfulltrúa leikskóla.
 - Sé ekki hægt að halda úti starfssemi leikskóla vegna undirmönnunar sem til kemur er heimilt að virkja borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila sbr. Lög um almannavarnir sem tóku gildi þann 20. mars sl. sjá slóð <https://www.samband.is/frettir/borgaraleg-skylda-starfsmanna-opinberra-adila/>
 - Einnig er mögulegt að óska eftir mannafla úr bakvarðarhópi Hafnarfjarðar.
 - Hér skal einnig nefna að nú sem áður er mikilvægt að leita leiða til að þær aðgerðir sem gripið verður til séu sem minnst íþyngjandi fyrir leikskólastarf.
- Næstkomandi fimmtudag og föstudag í vetrarfríi grunnskólans eru foreldrar leikskólabarna hvattir til þess að vera heima með leikskólabörnin sín, þar sem því er viðkomið. Þar er leitast við að létta undir með starfsfólkinu sem unnið hefur óeigingjarnt starf á þessum óvenjulegu tímum.

Grunnskóli

- Þegar þetta er skrifað hafa grunnskólar Hafnarfjarðar verið starfandi í tvær vikur eftir að þrengri rammi var settur á skólastarf – sem sneri þó aðallega að breytingum á sundkennslu og íþróttum inni. Íþróttakennsla hefur færst út og gengið vel, veður hefur verið hagstætt í október til útikennslu. Að öðru leyti hefur skólastarfið gengið sinn vanagang. Enginn starfsmaður grunnskóla Hafnarfjarðar hefur veikst af covid-19 í núverandi bylgju að vitað er og þurft að fara í einangrun eða að hluti skólastarfs hafi lagst niður vegna þess. Nokkrir nemendur í grunnskólunum hafa veikst af covid-19 í þessari bylgju en aðeins í einu tilviki þurfti að loka skóla og þá í mjög stuttan tíma (Engidalsskóli). Þá hefur þurft að afboða ferðir í skólabúðir, bæði á Reyki (7. bk.) og Laugarvatn (9. bk.) sem verða á þessum fimm vikum sem núna eru undir með aðgerðir í samfélaginu (5. okt. – 10. nóv.).
- Starsfólk skóla hefur tekið á stöðunni af æðruleysi. Það var þó meiri streita í fyrri vikunni (5.-9. okt.) en þeirri síðari (12.-16. okt., Bóka- og bíóvikan) í starfsmannahópnum að sögn skólastjóra. Til að halda úti fullu skólastarfi geta skólar ekki hólfað niður starfsemi sína þar sem allt að og yfir 100 manns starfa í (á meðan hópatakmarkanir eru miðaðar við 20 í samfélaginu). Þó hefur verið reynt að skipta starfsmönnum í hólf með kaffiástöður og samvinnurými til að minnka óþarfa samskipti innan skóla – en það er ekki hægt í öllum tilvikum þar sem allir þurfa að eiga samskipti við matsal.
- Kennurum er boðið að draga sem mest úr viðveru í skóla utan kennslu og eðlilegrar samvinnu í skóla. Sumir þiggja það meira en aðrir sem vilja þá ljúka meira vinnu sinni í skóla áður en heim er haldið. Afleysingar hafa líklega aukist og stafar líklega mest af því að starfsmenn hafa þurft að fara í sóttkví vegna sóttkvíar hjá fjölskyldumeðlimum (eru t.d. foreldrar nemenda í Engidalsskóla þegar lokun var þar). Við höfum samt ekki nákvæmar upplýsingar um það hvort börn hafi verið tekin heim í sjálfskipaða í einhverjum mæli en við vitum þó að það byrjaði í byrjun október að skólastjórnendur fóru að sjá slíkar leyfistilkynningar þótt í litlum mæli væri. En það er alla vega ekki mikið í umræðunni og mun minna en í vor. Varðandi stöðu nemanda í sóttkví er litið svo á að hann sé í leyfi þar sem fjölskyldan beri ábyrgð á námi hans á meðan.
- Aðgerðir halda áfram næstu tvær til þrjár vikur með óbreyttu grunnskólastarfi. Þessi vika verður styttri þar sem vetrarfrí er í lok þessarar viku, tveir kennsludagar. Þeir eru velþegnir og hjálpa starfsfólki og nemendum að fá smá hvíld áður en ný skólatörn hefist fram að jólum. Vonandi í þægilegra umhverfi í nóvember og desember miðað við október.
- Almennt verður að telja að skólastarfið hafi gengið vel í haust. Þetta fyrirkomulag sóttvarnalæknis og menntayfirvalda að halda úti fullu grunnskólastarfi virðist hafa gefið góða raun. Þannig hefur skólastarfið ekki orðið til þess að breiða út kórónaveirufaraldurinn og smit barna ekki orðið til þess að smita starfsfólk skóla. Þessi framkvæmd hefur því gengið vel fram að þessu.

Skólaþjónusta - greiningar og prófanir

Verklagsreglur varðandi fyrirlagnir á prófum á COVID tímum

- Sálfræðingar geta prófað börn á þeim vikum sem þeir eru með „inniviku“ (ekki í fjarvinnu). Sálfræðingar skipta fyrirlögnum þannig að börn í sama skóla/leikskóla (sama sóttvarnarrými) séu prófuð í sömu viku.
- Hver sálfræðingur athugar aðstæður í sínum skóla til prófunar og í samráði við skólastjórnendur metur hvort möguleiki sé að framkvæma prófun innan skólans. Ef prófað er innan skólans er mikilvægt að sálfræðingur gangi með grímu beinustu leið inn í prófherbergi og takmarki snertingu og samskipti eins og unnt er. Reynt skal að virða fjarlægðartakmarkanir við barnið eða vera með grímu (eða hlíf) á meðan prófun stendur. Mikilvægt er að spritta alla snertifleti, þ.m.t. borð og blýant og prófgögn sem barnið handleikur.
- Ef sálfræðingur metur sem svo að aðstæður í skóla séu ekki hentugar til prófunar er hægt að panta rými í Menntasetrinu. Sálfræðingur þarf að meta í samráði við foreldra hvort barnið ráði við að prófun fari fram með þessum hætti. Viðkvæmir hópar í þessu samhengi geta t.d. verið mjög ung börn, börn með kvíða, börn með einhverfueinkenni eða veruleg þroskafrávik. Í þannig tilfellum er skynsamlegt að bíða með prófun.
- Vinsamlegast athugið að öll viðtöl við foreldra og kennara eiga að fara fram í gegnum fjarbúnað. Mikilvægt er að samskipti „í raunheimum“ við starfsfólk skólanna séu takmörkuð eins og kostur er.



HAFNARFJÖRÐUR